



Minnisblað til velferðarnefndar Mosfellsbæjar

Efni: Greining biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði

Dags: 10. nóvember 2022

Málsnúmer: 202211091/-

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmenn: Sigurbjörg Fjölfnisdóttir, framkvæmdarstjóri velferðarsviðs og Una Dögg Evudóttir, verkefnastjóri húsnæðismála

Inngangur

Hér á eftir fylgir greining á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði í Mosfellsbæ.

Þann 30. september voru 44 samþykktar umsóknir voru á biðlista. Samkvæmt reglum Mosfellsbæjar um úthlutun leiguíbúða þarf að endurnýja umsókn um félagslegt leiguhúsnæði fyrir 30. september ár hvert. Samkvæmt reglum Mosfellsbæjar þarf einstaklingur að lágmarki fimm stig til að vera samþykktur á biðlista.

Takmarkað hlutfall einstaklinga endurnýjar umsókn sína fyrir þann tíma og eru endurnýjanir að berast velferðarsviði næstu mánuði eftir að frestur rennur út. Ekki er því talið raunhæft að skoða stöðu biðlista í nóvember og er neðangreint mat á biðlista samkvæmt stöðu 30. september 2022.

Greinargerð

Umsækjendur á biðlista hafa verið að meðaltali 11 mánuði á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá Mosfellsbæ. Sá sem hefur beðið lengst hefur verið á biðlista í rúm þrjú ár. Af einstaklingum á lista hafa 34 verið á listanum í 12 mánuði eða skemur.

Fleiri konur en karlar eru á biðlista eða 27 konur á móti 17 körlum. Einungis einn einstaklingur er skráður fyrir umsókn þó viðkomandi sé í sambúð og því taka þessar tölur ekki til þess hvort um sambúð er að ræða.

Rúmlega helmingur umsækjenda er óvinnufær, 13 vegna örorku og 13 samkvæmt læknisvottorði. Starfsgeta eins umsækjanda er metin skert og 17 hafa fulla starfsgetu. Eingöngu fimm af 44 eru með 1-2 stig vegna tekna og eru því flestir á biðlista með 3 stig vegna lágra tekna.

11 umsækjendur af 44 eru með erlent ríkisfang eða 25% umsækjenda á biðlista.

Aldursdreifing umsækjenda er breið og er sá yngsti 21 árs og elsti 70 ára. Tilheyrja flestir umsækjendur yngsta aldersbilinu 20-39 ára eins og sjá má af töflunni hér fyrir neðan.

Aldur umsækjenda	
20-39 ára	23
40-59 ára	16
60-79 ára	5



Fjöldi barna umsækjenda eru samanlagt 49 og er stærsti hluti foreldra einstæðir foreldrar.

Fjölskyldustöðu umsækjenda má sjá hér að neðan.

Fjölskyldustaða umsækjenda	
Fjöldi einhleypra og barnlausra	12
Einstæðir foreldrar	24
Hjón	7
Fjöldi barna umsækjenda	49

Virðingarfyllst,

Sigurbjörg Fjölisdóttir

Una Dögg Evudóttir